**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 13/2005** **2008/EES/23/09**

**frá 6. janúar 2005**

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([1]), einkum f-lið 2. mgr. 15. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og sem tekur til umfangs og samsetningar fátæktar og félagslegrar útilokunar á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt f-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar að því er varðar skrána yfir aukamarksvið og -breytur sem árlega eiga að fylgja þversniðsþætti hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör. Fyrir árið 2006 ber að taka saman skrána yfir aukamarkbreytur, sem taldar eru með í viðbótarathuguninni „félagsleg þátttaka“ (sem tengist einkum þátttöku í menningarviðburðum, samveru með skyldmennum, vinum og nágrönnum og þátttöku í formlegri og óformlegri starfsemi), ásamt kóða breytnanna og skilgreiningum.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Fyrir árið 2006 skal skráin yfir aukamarkbreytur, kóða breytnanna og skilgreiningar fyrir viðbótarathugunina „félagsleg þátttaka“, sem á að fylgja þversniðsþætti hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMUNIA

*framkvæmdastjóri.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 7.1.2005, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 13.10.2005, bls. 10.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

*VIÐAUKI*

Í þessari reglugerð gildir eftirfarandi eining, gagnasöfnunaraðferð, viðmiðunartímabil og skilgreiningar:

1. EINING

Veita skal upplýsingar um alla núverandi heimilismenn eða, ef við á, um alla valda svarendur sem eru 16 ára og eldri.

2. GAGNASÖFNUNARAÐFERÐ

Vegna eðlis þeirra upplýsinga sem safna skal er einungis heimilt að taka einstaklingsviðtöl (í undantekningatilvikum má tala við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) eða nota upplýsingar úr skrám.

3. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

— Miða skal við síðastliðna 12 mánuði að því er varðar breytur sem tengjast þátttöku í menningarviðburðum og þátttöku í formlegri og óformlegri starfsemi.

— „Að jafnaði“ skal nota að því er varðar breytur sem tengjast samveru með skyldmennum og vinum. „Að jafnaði“ vísar til þess hversu oft starfsemin á sér stað að jafnaði á ári.

— Núverandi á við um breytuna „Möguleiki á að biðja skyldmenni, vin eða nágranna um aðstoð“.

4. SKILGREININGAR

a) Skyldmenni: ber að skilja á sem víðtækastan hátt og til þeirra teljast faðir/móðir/börn, systkini, afar og ömmur, móður- og föðursystur, móður- og föðurbræður, frændur og frænkur, systkinabörn og tengdafjölskyldur.

b) Vinir: þeir sem svarandi umgengst í frítíma sínum (t.d. eftir vinnutíma, um helgar eða í fríum) og sem svarandi deilir einkamálum með.

c) Að umgangast: að verja tíma með vinum eða skyldmennum á heimili eða annars staðar. Það getur verið til að tala eða starfa saman að einhverjum áhugamálum. Að hitta einhvern af tilviljun telst ekki sem „samvistir“.

d) Tíðni samvista/að vera í sambandi við vini og skyldmenni: hversu oft svarandi umgengst/er í sambandi við skyldmenni/vin. Ekki skal eingöngu telja með þann einstakling sem svarandi umgengst oftast/er oftast í sambandi við. Ef svarandi umgengst vini/skyldmenni „einu sinni á ári“ í fríum eða á hátíðum skal svarið vera „a.m.k. einu sinni á ári“.

e) Óformleg sjálfboðavinna: starfsemi sem fellur utan ramma samtaka og er yfirleitt unnin á einstaklingsgrundvelli. Til óformlegrar sjálfboðavinnu telst að elda fyrir aðra, annast fólk á sjúkrahúsum/á heimili, fara með fólk í gönguferðir, innkaupaferðir o.s.frv.Til hennar telst ekki starfsemi sem svarandi annast fyrir eigið heimili, vegna vinnu sinnar eða fyrir samtök sjálfboðaliða.

f) Þátttaka í menningarviðburðum: ferðir í kvikmyndahús, á listflutning, heimsóknir á menningarminjastaði eða að sækja íþróttaviðburði, hvar sem þessir viðburðir eiga sér stað og hvort sem fagfólk eða áhugafólk sér um þessa starfsemi. Varðandi íþróttaviðburði og listflutning vísar þátttaka einungis til áhorfs.

SVIÐ OG SKRÁ YFIR MARKBREYTUR

| Heiti breytu | Viðbótarathugun 2006 | Félagsleg þátttaka |
|---|---|---|
| | Kóði | Markbreyta |
| Grunngögn | | |
| RB030 | | **Kenninúmer einstaklings** |
| | Kenninúmer (ID) | Kenninúmer einstaklings |
| PS005 | | **Þversniðsvog einstaklings** |
| | 0+(forsnið 2.5) | Vog |
| Þátttaka í menningarviðburðum | | |
| PS010 | | Hversu oft er farið í kvikmyndahús |
| | 1 | Aldrei |
| | 2 | 1-3 sinnum |
| | 3 | 4-6 sinnum |
| | 4 | 7-12 sinnum |
| | 5 | Oftar en 12 sinnum |
| PS010_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS020 | | **Hversu oft er farið á listflutning (leikrit, tónleika, óperur, ballett- og danssýningar)** |
| | 1 | Aldrei |
| | 2 | 1-3 sinnum |
| | 3 | 4-6 sinnum |
| | 4 | 7-12 sinnum |
| | 5 | Oftar en 12 sinnum |
| PS020_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS030 | | **Fjöldi heimsókna á menningarminjastaði** |
| | 1 | Aldrei |
| | 2 | 1-3 skipti |
| | 3 | 4-6 skipti |
| | 4 | 7-12 skipti |
| | 5 | Oftar en 12 sinnum |
| PS030_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS040 | | **Hversu oft er farið á íþróttaviðburði** |
| | 1 | Aldrei |
| | 2 | 1-3 sinnum |
| | 3 | 4-6 sinnum |
| | 4 | 7-12 sinnum |
| | 5 | Oftar en 12 sinnum |
| PS040_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |

| Heiti breytu | Viðbótarathugun 2006 | Félagsleg þátttaka |
|---|---|---|
| | Kóði | Markbreyta |
| | Samvera með skyldmennum, vinum og nágrönnum | |
| PS050 | | **Tíðni samskipta við skyldmenni** |
| | 1 | Daglega |
| | 2 | Vikulega (ekki á hverjum degi) |
| | 3 | Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku) |
| | 4 | Einu sinni í mánuði |
| | 5 | A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði) |
| | 6 | Aldrei |
| PS050_F | -2 | Á ekki við (engin skyldmenni) |
| | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS060 | | **Tíðni samskipta við vini** |
| | 1 | Daglega |
| | 2 | Vikulega (ekki á hverjum degi) |
| | 3 | Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku) |
| | 4 | Einu sinni í mánuði |
| | 5 | A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði) |
| | 6 | Aldrei |
| PS060_F | -2 | Á ekki við (engir vinir) |
| | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS070 | | **Tíðni sambands við ættingja** |
| | 1 | Daglega |
| | 2 | Vikulega (ekki á hverjum degi) |
| | 3 | Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku) |
| | 4 | Einu sinni í mánuði |
| | 5 | A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði) |
| | 6 | Aldrei |
| PS070_F | -2 | Á ekki við (engin skyldmenni) |
| | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS080 | | **Tíðni sambands við vini** |
| | 1 | Daglega |
| | 2 | Vikulega (ekki á hverjum degi) |
| | 3 | Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku) |
| | 4 | Einu sinni í mánuði |
| | 5 | A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði) |
| | 6 | Aldrei |
| PS080_F | -2 | Á ekki við (engir vinir) |
| | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| | Samvera með skyldmennum, vinum og nágrönnum | |
| PS090 | | **Geta til að biðja skyldmenni, vin eða nágranna um aðstoð** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei |
| PS090_F | -2 | Á ekki við (engin skyldmenni, vinir, nágrannar) |
| | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |

| Heiti breytu | Viðbótarathugun 2006 | Félagsleg þátttaka |
|---|---|---|
| | Kóði | Markbreyta |
| | | Formleg og óformleg þátttaka |
| PS100 | | **Þátttaka í óformlegri sjálfboðavinnu** |
| | 1 | Daglega |
| | 2 | Vikulega (ekki á hverjum degi) |
| | 3 | Nokkrum sinnum í mánuði (ekki í hverri viku) |
| | 4 | Einu sinni í mánuði |
| | 5 | A.m.k. einu sinni á ári (sjaldnar en einu sinni í mánuði) |
| | 6 | Aldrei |
| PS100_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS110 | | **Þátttaka í starfsemi stjórnmálaflokka eða stéttarfélaga** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei. |
| PS110_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS120 | | **Þátttaka í starfsemi fagfélaga** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei. |
| PS120_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS130 | | **Þátttaka í starfsemi í kirkjum eða öðrum trúarlegum samtökum** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei |
| PS130_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS140 | | **Þátttaka í starfsemi tómstundahópa eða -félaga** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei |
| PS140_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS150 | | **Þátttaka í starfsemi góðgerðastofnana** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei |
| PS150_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |
| PS160 | | **Þátttaka í starfsemi annarra hópa eða félaga** |
| | 1 | Já |
| | 2 | Nei |
| PS160_F | -1 | Gögn vantar |
| | 1 | Gildi breytu tilgreint |